

Ed.

514. Frumvarp til laga

[154. mál]

um öryrkjahæli.

Flm.: Karl Kristjánsson.

1. gr.

Heimilt skal Sambandi íslenskra sveitarfélaga f. h. sveitarfélaga landsins að reisa og reka öryrkjahæli fyrir þá líkamlegu og andlegu öryrkja, sem þeim ber að annast framfærslu á og eigi verður með öðrum hætti séð fyrir viðunanlegum dvalarstað.

Félagsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, hvar hælið skuli reist, svo og hvenær hafizt skuli handa um framkvæmdir samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Hælið skal vera sameign allra sveitarfélaga landsins (sbr. þó 16. gr.), en rekið sem sjálfseignarstofnun með sérstakri stjórn og fjárhag. Hælið má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé til þess veitt af Alþingi.

3. gr.

Stofnkostnaður hælisisins skal greiddur með framlögum frá sveitarfélögum landsins eftir þessum reglum:

Sveitarfélag með allt að 150 íbúa	greiðir í stofnframlag pr. íbúa	kr.	35.00
— — 150—1500	— — -	— —	— 40.00
— — 1500—10000	— — -	— —	— 45.00
— — 10000 íb. og þar yfir	— -	— —	— 50.00

Ríkissjóður leggur fram í eitt skipti fyrir öll eina og hálf milljón króna til stofnunar hælisisins.

4. gr.

Stofnframlög er sveitarfélögum heimilt að greiða með árlegum greiðslum á allt að fimm árum, ef sveitarstjórn óskar.

5. gr.

Nú hrekkur stofnframlag ekki fyrir stofnkostnaði eða þörf er stækkunar hælisingins, og skal þá stjórn þess, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, heimilt í eitt skipti að krefjast viðbótarframlags frá sveitarfélaginu. Viðbótarframlag má ekki herra vera en helmingur af stofnframlagi, reiknað eftir sömu reglum og stofnframlagið.

6. gr.

Stjórn hælisingins skipa 3 menn. Tvo þeirra kys stjórn Sambands isl. sveitarfélaga, annan sem fulltrúa kaupstaða og kauptúna, en hinn vegna annarra sveitarfélaga. Þriðja mann stjórnarinnar, sem jafnframt er formaður hennar, skipar félagsmálaráðherra. Varamenn skulu vera jafnmargir og kosnir og skipaðir á sama hátt.

Kjörtímabil stjórnarinnar er 4 ár. Þóknun til stjórnarinnar fyrir störf skal ákveðin af félagsmálaráðherra, að fengnum tillögum stjórnar Sambands islenzkra sveitarfélaga. Stjórnarlaun teljast til rekstrarkostnaðar.

7. gr.

Stjórnin hefur yfirumsjón með rekstri hælisingins og framkvæmdum öllum. Hún ræður forstöðumann og lækni hælisingins. Forstöðumaður hefur á hendi daglega stjórn hælisingins og annast rekstur þess. Hann ræður starfsfólk, en háður er hann samþykki stjórnarinnar um launakjör þess. Forstjóranum ber að öðru leyti að hlíta ákveðum erindisbréfs, er stjórn hælisingins setur honum.

8. gr.

Vismönnum á hælínu skulu reiknuð daggjöld samkvæmt reglum, sem stjórn hælisingins setur, en félagsmálaráðherra staðfestir. Sveitarfélög þau, sem vistmenn eiga á hælínu, greiða daggjöld þessi mánaðarlega, nema öðruvísi sé um samið við hælisingstjórn.

Nú á öryrki, sem á hælínu dvelur, rétt á ellilífeyri, öryrkjabótum, barnalífeyri eða öðrum framfærslueyri frá Tryggingastofnun ríkisins, öðrum tryggingarsjóði eða ríkissjóði, og skulu þær fjárhæðir þá greiddar beint til hælisingins og dragast frá daggjöldum þeim, sem sveitarfélaginu ber að greiða fyrir vistmann þann, sem hlut á að máli, en mismuninn, ef einhver er, greiðir sveitarsjóður.

9. gr.

Reikningsár hælisingins er almanaksárið. Skal stjórn þess gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt, að endurskoðun sé lokið í lok aprílmánaðar ár hvert.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum. Annan skipar fjármálaráðherra, en hinn stjórn Sambands isl. sveitarfélaga til fjögurra ára í senn. Reikningana skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðindanna.

10. gr.

Nú vill sveitarstjórn ráðstafa manni á öryrkjahælið, og skal hún þá senda hælisingstjórn skýrslu um öryrkjann ásamt vottorði héraðslæknis um það, hvort hann telji nauðsynlegt, að öryrkinn njóti hælisingvistar.

11. gr.

Að fengnum þeim upplýsingum, sem í 10. gr. getur, og að fenginni umsögn hælisingslæknis úrskurðar stjórn hælisingins, hvort öryrki skuli tekinn á hælið, og er stjórninni skylt að hafa fellt úrskurð sinn og tilkynnt hann sveitarstjórn innan þriggja vikna frá því er umsóknin berst, nema þörf sé ýtarlegri upplýsinga, sem ekki verður aflað á þeim tíma.

12. gr.

Nú hefur sveitarstjórn greitt stofnframlag sitt til hælisingins eða samið um greiðslu þess, og er þá skylt, eftir að nægilegum húsakosti hefur verið komið upp, að taka

á hælið hvern þann öryrkja, sem viðkomandi sveitarstjórn hefur óskað hælissvistar fyrir og stjórn hælisisins hefur úrskurðað að rétt eigi til vistar þar, enda eigi öryrkinn ekki rétt á hælissvist annars staðar eða verði að bíða hennar lengri eða skemmri tíma.

Nú vanrækir sveitarfélag að greiða stofnframlag sitt til hælisisins, og greiðir þá ríkissjóður framlagið og innheimtir það síðar hjá sveitarsjóði, en ekki öðlast slíkt sveitarfélag rétt til að ráðstafa fólki á hælið fyrir en sú skuld þess við ríkissjóð er að fullu greidd.

13. gr.

Hælið er undanþegið tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitar-sjóðs.

14. gr.

Dvöl vistmanna á hælínu hefur engin áhrif á sveitfesti og framfærslurétt þeirra.

15. gr.

Nú verður ágreiningur milli stjórnar hælisisins annars vegar og sveitarstjórnar hins vegar út af stofnframlagi, viðbótarframlagi eða öðrum viðskiptum fjárhagslegs eðlis, og getur þá hvor aðili um sig skotið málinu til úrskurðar félagsmálaráðuneytisins.

16. gr.

Meðan Reykjavíkurbær rekur öryrkjahæli að Arnarholti á Kjalarnesi eða sér öryrkjum sínum á annan hátt fyrir viðhlitandi hælissvist, skal hann undanþeginn þátttöku í stofnun og rekstri hælís þess, sem komið verður upp samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Nú kemur það í ljós, þegar rekstraráætlanir hafa verið gerðar fyrir væntanlegt öryrkjahæli, að hagkvæmara mundi reynast og kostnaðarminna að hafa aðeins eitt slíkt hæli fyrir allt landið, og skal þá leita samninga við bæjarstjórn Reykjavíkur um afhendingu Arnarholtshælisisins og stækkun á því, eða lausn málsins á annan hagkvæmari hátt, áður en ráðizt verður í að reisa nýtt hæli.

Nú takast samningur milli Reykjavíkurbæjar og stjórnar Sambands isl. sveitarfélaga um stofnun og rekstur sameiginlegs hælís, og er þá félagsmálaráðherra heimilt að ákveða, að málið skuli leyst á þann veg.

Í samningi þeim, sem að ofan getur, er heimilt að ákveða, að stjórn hælisisins verði skipuð fimm mönnum í stað þriggja og að tveir stjórnarmanna skuli kosnir af bæjarstjórn Reykjavíkur.

18. gr.

Nánari ákvæði um rekstur hælisisins og skipulag skulu sett með reglugerð, sem stjórn hælisisins semur, en félagsmálaráðherra staðfestir.

19. gr.

Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán, að upphæð allt að tvær milljónir króna, til byggingarfrankvæmda samkvæmt lögum þessum, enda greiðist lánið af stofnframlögum sveitarfélaganna jafnóðum og þau innheimtast.

Ef þess gerist þörf, er ríkissjóði enn fremur heimilt að ábyrgjast allt að einnar milljónar króna rekstrarlán fyrir hælið gegn tryggingu í tekjum hælisisins.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp þetta er samið á vegum stjórnar Sambands islenskra sveitarfélaga og flutt fyrir tilmæli þeirrar stjórnar.

Hér er um að ræða lausn á miklu vandamáli sveitarfélaganna: að búa vandmeðförnum öryrkjum tryggan líknarstað og veita þeim vinnuskilyrði við þeirra hæfi, ef unnið geta; létta af mörgum heimilum í landinu þungu böli, sem á þeim hvílir nú og framvegis, ef ekki er að gert.

Skrifstofa sveitarfélagasambandsins hefur samið og látið í té eftirfarandi skýrslu, er fylgir frumvarpinu sem greinargerð:

„Eitt þeirra vandamála, sem flest eða öll sveitarfélög fyrir eða síðar hafa við að stríða, er, hvernig framfæra skuli ýmiss konar andlega og líkamlega öryrkja, sem sérstakrar umönnunar þurfa með sakir fávítaskapar, óreglu, ellihrumleika og annars háttarnis, sem gerir ókleift að hafa þetta fólk á heimilum til langframa. Áður fyrir voru mörg sveitaheimili þess umkomin að hafa þannig fólk á sínum vegum. En nú er slíku ekki til að dreifa vegna fólksfæðar og breyttra aðstæðna.

Þá er og heilsufari margra þessara öryrkja þannig háttað, að engin sjúkrahús eða hæli eru til, sem við þeim geta tekið, enda á þetta fólk ekki samvist með venjulegum sjúklingum eða gamalmönnum, heldur á það heima í sérstofnunum eða á sérstaklega aðgreindum deildum í sjúkrahúsum. En ekki er gert ráð fyrir slíkum deildum í þeim sjúkrahúsum, sem nú þegar eru til, og heldur ekki í þeim, sem ráðgert er, að byggð verði á næstunni.

Einnig getur staðið svo á, að þótt fólk þetta ætti rétt til sjúkrahúsvistar, þá kunni að líða nokkur tími unz sjúkrahús geti veitt því móttöku sakir skorts á nægilegu húsrými, svo að nauðsynlegt sé, að ráðstafa sjúklingnum um lengri eða skemmri tíma til dvalar annars staðar. Það er t. d. ekki óalgengt, að liðið hafi langur tími unz hægt hefur verið að koma manni, sem brjálazt hefur skyndilega, á Klepp. Hafa því mörg sveitarfélög orðið að greiða stórar fjárhæðir fyrir vörzlu á þess konar sjúkl-ingum. Hefur slíkt að sjálfsögðu orðið þungur baggi á fátækum sveitarfélögum.

Á það má og benda, að mjög sjaldan kemur til greiðslu úr sjúkra- eða trygginga-sjóðum vegna þessa fólks, þar sem sjúkdómar þess eru oftast þess eðlis, að venju- legar tryggingar taka ekki til þeirra nema að litlu leyti, og kemur því mestallur kostnaður af þessu fólki á sveitarsjóðina, og er hann oftlega ærið mikill auk allra annarra erfiðleika, sem það skapar.

Það var því ekki nema eðlilegt, að samtök sveitarfélaga landsins, Samband ísl. sveitarfélaga, tækju vandamál þetta til meðferðar í því skyni að leysa það með sam- eiginlegu átaki.

Mál þetta var þegar rætt á öðru landsþingi Sambands ísl. sveitarfélaga árið 1946. Voru fulltrúar þingsins á einu máli um það, að þörf væri gagngerðra endur- bóta á þessu sviði. Þingið samþykkti svo hljóðandi ályktun:

„Landsþingið ályktar að kjósa þriggja manna milliþinganefnd til þess að:

1. safna skýrslum hvaðanæva að af landinu um það fólk, sem einu nafni er nefnt „vandræðafólk“;
2. koma fram með rökstutt álit og tillögur um, á hvern hátt, hvar og hvernig verði komið upp heimilum fyrir þá, sem hér koma til greina.“

Samkvæmt ályktun þessari var síðan kosin þriggja manna nefnd og var hún þannig skipuð:

Jónas Guðmundsson, form. Sambands ísl. sveitarfélaga,

Magnús Blöndal, oddviti Kjósarhrepps, og

Ólafur B. Björnsson, bæjarfulltrúi, Akranesi.

Nefndin hóf störf þegar að loknu þingi.

Í því skyni að geta gert sér sem bezta grein fyrir, hversu málum þessum væri háttað, samdi nefndin skýrsluform, er fól í sér fyrirspurnir um vandræðafólk, heiti þess, heimili, kyn, aldur, sérkenni sjúkdómsins, starfshæfni, kostnað, er af því leiddi, og sitthvað annað, er máli þótti skipta.

Eyðublöð undir skýrslur þessar voru síðan send öllum oddvitum og bæjar- stjórum á landinu, með tilmælum um, að þeir önnuðust skýrslugerðina og sendu svar hið fyrsta. Upplýsinga var ekki óskað úr Reykjavíkurborg.

Á landsþingi Sambandsins, er háð var á Akureyri sumarið 1948, var mál þetta enn tekið til meðferðar. Millipinganefndin greindi frá störfum sínum og þeim fróðleik, sem hún í því sambandi hafði aflað sér. Landsþingið fól nefndinni og stjórn Sambandsins að halda áfram störfum til raunhæfrar úrlausnar á málinu, enda talið, að þörf væri skjótra aðgerða til að firra fjölda sveitarfélaga vandræðum.

Skýrslur um vandræðafólk bárust frá 181 sveitarfélagi af 224, er þá voru í landinu. 87 sveitarfélög telja, að ekkert sé af slíku fólki innan sinna vébanda á því ári, sem skýrslan er send. 11 sveitarfélög greina frá sjúklingum á Kleppsspítalanum. 7 sveitarfélög skýra frá vandræðum á heimilum, geðveiki á ýmsum stigum, fávítum o. s. frv., sem engrar fyrirgreiðslu njóti frá hinu opinbera. 76 sveitarfélög greina frá samtals 154 persónum, sem að meira eða minna leyti séu á þeirra vegum.

Fólk þetta flokkast þannig:

	<i>Konur:</i>	<i>Karlar:</i>
1. Geðsjúkt	34	26
2. Fávítar	22	22
3. Ofdrykkjumenn	„	6
4. Ellisjúkt	7	5
5. Flogaveikt	2	3
6. Lamað og aflvana	4	4
7. Skapgallað, stórlega	9	10
	<hr/>	<hr/>
	78	76

Skýrslur þær, sem bárust, voru margar hverjar nokkuð ófullkomnar, og er því flokkun þessi engan veginn nákvæm. Á það má og benda, að sumt af fólki því, sem um ræðir undir 1. tölulið, dvelur nú á Kleppi.

Meginþorri sveitarfélaganna, er frá vandræðafólki skýrðu, óskuðu aðstoðar til að koma því á hæli.

Þótt skýrslurnar væru ekki eins fullnægjandi og skyldi, má glöggt af þeim greina, hvernig ástandið er hjá sveitarfélagunum í þessum efnunum og að mikil þörf er úrbóta.

Á landsþingum sambandsins, þar sem þessi mál voru rædd, var við það miðað, að sveitarfélögin ættu sameiginlegan þátt að því að leysa þau vandamál, sem af fólki þessu stafar, því að ljóst er, að einstökum sveitarfélögum er yfirleitt algerlega um megn fjárhagslega að koma upp nauðsynlegum hælum eða heimilum fyrir slíkt fólk.

Til greina gat komið, að öll sveitarfélög utan Reykjavíkur sameinuðust um byggingu hælís fyrir þessa öryrkja sína og Reykjavík ræki sérstakt hæli. En ótal rök hnigu að því, að eðlilegast væri, að öll sveitarfélög landsins og Reykjavík þar með talin tækju höndum saman um heildarlausn þessa máls.

Reykjavíkurbær hefur nú um nokkurt skeið rekið að Arnarholti hæli fyrir ýmiss konar sjúklinga og öryrkja. Á hæli þessu hafa dvalið til jafnaðar um 60 manns. Rekstrarkostnaður var árið 1948 kr. 577 þús., en tekjur, sem fyrst og fremst voru reiknuð daggjöld, námu kr. 367 þús. Rekstrarhalli því um kr. 210 þús. Það er skoðun núverandi ráðsmanns hælísins, að rekstrarhalli þessi mundi hverfa með öllu, ef hælið væri stækkað og gæti veitt móttöku þó ekki væri fleirum en 100 vistmönnum alls.

Á það má og benda, að fyllsta ástæða er til að ætla, að eitt hæli væri nægilegt í ofangreindu skyni fyrir ekki mannfleira land en Ísland. Með því mundi og stofnkostnaður verða minni, rekstrarkostnaður lægri, þar sem bæði húsrými og vinnuafli mundi nýtast betur en ella; þá væri og miklu auðveldara að flokka vistmenn í deildir með tilliti til mismunandi örorku.

Þegar og þar við bælist, að nú þegar eru fyrir hendi að Arnarholti verulegar byggingar, sem með litlum breytingum gætu rúmað mun fleiri vistmenn en nú eru

þar, yrði unnt að draga úr vandræðum sveitarfélaganna í þessu skyni, fyrr en ella. Staðurinn að Arnarholti er og allvel í sveit settur. Þar er landrými mikið og gott og auðvelt að koma fyrir þeim byggingum, sem þörf krefur, að þar verði reistar.

Sambandi ísl. sveitarfélaga þótti því rétt og sjálfsagt að óska eftir og kynna sér samstarfsvilja bæjarstjórnar Reykjavíkur um þetta efni. Stjórnin skrifaði bæjarstjórn Reykjavíkur í ársbyrjun 1949, greindi frá störfum millipinganevndarinnar og fór þess á leit, að bæjarstjórnin tilnefndi menn til viðuræðna og samstarfs við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og millipinganevndina um sameiginlega heildarlausn.

Bæjarstjórn Reykjavíkur tók tilmælum þessum vel og tilnefndi af sinni hálfu þá Ólaf Sveinbjörnsson skrifstofustjóra og Magnús V. Jóhannesson yfirframfærslu-fulltrúa til viðuræðna og samstarfs um þetta mál.

Þessir aðilar höfðu síðan úrlausnarefni þetta til meðferðar um nokkurt skeið. Þeir kynntu sér aðstæður allar, svo sem kostur var, og öfluðu sér þeirra upplýsinga, sem völ var á. Þeir urðu í meginatriðum sammála um að leggja til, að til bráða- birgða yrði mál þetta leyst með þeim hætti, að öll sveitarfélög landsins ættu og rækju hælið að Arnarholti. Var talið, að með því móti yrði unnt að tryggja mjög fljótlega mest húsrými fyrir öryrkja og með minnstum tilkostnaði. Áætlun var samin af skipulagsstjóra með tilliti til þessa, og var ráðgert, að ef til framkvæmda kæmi, yrði fyrst byggt hús fyrir starfsfólk hælising, nýtt eldhús reist og breytingar gerðar á því hæli, sem þar er fyrir, þannig að það rúmaði allt að 120 vistmenn. Kostnaður við framkvæmdir þessar var áætlaður um 2 millj. kr. Áætlun þessi var gerð á árinu 1949.

Á þessum grundvelli var samið frumvarp, er sent var bæjarráði Reykjavíkur í apríl 1950. Af hálfu stjórnar sambandsins var og rætt við bæjarráð og óskað eindregið eftir samkomulagi um þá lausn, er frumvarpið gerði ráð fyrir. En því miður sá bæjarráð sér ekki fært að fallast á frumvarp þetta og tilkynnti stjórn sambandsins, „að bæjarráð Reykjavíkur teldi ekki heppilegt, að Arnarholtshælið yrði gert að sameign allra sveitarfélaga landsins“.

Með tilkynningu þessari brugðust mjög vonir um skjóta lausn á þessu mikla vandamáli sveitarfélaganna.

Á landsþingi Sambands ísl. sveitarfélaga, er háð var á Þingvöllum í ágústmánuði s. l., var mál þetta enn tekið til meðferðar, og var þinginu gert kunnugt um svar Reykjavíkurbæjar. Sérstök nefnd fékk málið til athugunar, og lagði hún til, að svo hljóðandi tillaga yrði samþykkt:

„Sambandsþing ísl. sveitarfélaga, haldið að Þingvöllum 26.—27. ágúst 1950, ályktar, að brýna nauðsyn beri til, að stofnað verði hið fyrsta öryrkjahæli, sem sé eign allra sveitar- og bæjarfélaga í landinu. Sambandsþing lýsir sig samþykkt í meginatriðum frumvarpi því, sem útbýtt hefur verið á þinginu. En þar sem vitað er, að samkomulag næst ekki um að reisa slíkt hæli að Arnarholti á Kjalarnesi, samþykkir þingið að fela stjórn og fulltrúaráði að hefja framkvæmdir um byggingu slíks hælising svo fljótt sem auðið er.“

Þingið samþykkti ályktun þessa.

Yfirleitt mun það skoðun forráðamanna sveitarfélaganna, að æskilegast væri, að stofnað yrði eitt hæli fyrir landið allt, og kom það greinilega fram á þinginu. En þar sem Reykjavíkurbær hefur, í það minnsta að svo stöddu, eigi gefið kost á samstarfi um lausn málsins, er nauðsynlegt að leita annarra úrræða. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur því samið meðfylgjandi frumvarp, og verði það að lögum, er með því kveðið á um rétt og skyldur sveitarfélaganna um þessi efni. Það er og grundvallaratriði í lausn þessa máls, að lög séu fyrir hendi áður en framkvæmdir verða hafnar. Jafnvel kynnu þá að opnast meiri möguleikar um samstarf Reykjavíkur og annarra sveitarfélaga um málið, þegar svo væri komið.

Af þessum sökum telur stjórn Sambandsins þýðingarmikið, að frumvarp þetta nái fram að ganga og löggjöf verði sett um öryrkjahæli hið fyrsta, því að þá fyrst er unnt að hefjast handa um raunverulegar framkvæmdir.

Gott dæmi um hörmungarástand það, sem nú ríkir hjá sveitarfélögum í þessum málum, er atvik, sem kom fyrir á síðastliðnu hausti. Maður nokkur á Suðurlandi varð skyndilega geðveikur og hættulegur umhverfi sínu. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir reyndist með öllu árangurslaust að koma honum til dvalar að Kleppi, og var borið við þrengslum. Manninum var þá komið fyrir að Litla-Hrauni. Sakir hátt-ernis hans taldi forstöðumaður hælísins ekki unnt að hafa hann innan veggja hælísins nema fáa daga. Sunnudagsmorgun einn var sjúklingurinn fluttur heim á heimili oddvitans í framfærslusveit sinni. Þar var ekki fyrir til gæzlu nema eldra fólk og börn, sem algerlega var um megn að annast hinn óða mann. En þá tókst svo vel til, að sakadómari í Reykjavík gaf kost á því að taka manninn til gæzlu í hegningarhúsið í Reykjavík, og var hann fluttur þangað. Vegna umönnunar þeirrar, sem maðurinn þurfti í hegningarhúsinu, varð vistgjaldið þar um kr. 900.00 á sólarhring. Að fáum dögum liðnum bráði lítið eitt að sjúklingnum, og var honum þá komið til dvalar á sjúkrahúsinu að Sólheimum. Þrátt sótti aftur í sama horf um veikina, og var hann þá enn fluttur í hegningarhúsið. En ekki reyndist unnt að hafa hann þar lengi, og kom tilkynning frá sakadómara þess efnis, að sakir truflana, er dvöl hans í húsinu hefði fyrir aðra, er þar dveldu, yrði ekki hjá því komizt að taka hann þaðan þegar í stað.

Hvernig sem knúið var að dýrum hjá yfirlækni Kleppsspítalans, fékkst þar aðeins þvert nei um að taka sjúklinginn þangað. Horfði svo um sinn, að taka þyrfti farsóttahúsið í Reykjavík á leigu og hafa manninn í gæzlu þar. Mundi kostnaður hafa orðið af því um kr. 2000.00 á sólarhring. Á síðustu stundu tókst þó svo vel til, að Reykjavíkurbær var þess umkominn að geta tekið sjúklinginn til dvalar að Arnarholti til sérstakrar vörzlu þar um stundarsakir. Með því lauk vandræðum þeim, sem af sjúklingi þessum höfðu stafað, þó aðeins í bili, því að Reykjavíkurbær getur fyrr en varir þurft að nota það rúm, sem þarna er léð um sinn.

Kostnaður af manni þessum nokkurra vikna skeið skipti tugum þúsunda, auk allrar þeirrar fyrirhafnar og hvers konar erfiðleika, er oddvitinn og ýmsir aðrir höfðu í þessu sambandi.

Því miður eru svona tilvik ekkert einsdæmi. Fjöldi sveitarfélaga hafa orðið fyrir áþekkingu erfiðleikum og kostnaði. Segja má, að vandræði af þessum toga spunnin megi leysa með því að stækka Klepp. En meðan húsnæði og starfsfólk er þar af svo skornum skammti, að ekki er neinn kostur að koma þar inn brjáluðu fólki, þó að líf liggja við, verða sveitarfélögin að þola ótrúlega erfiðleika og óhemju kostnað í slíkum tilfellum. Ekkert sveitarfélag né sveitarstjórn veit, hvenær svipuð tilfelli getur borið að höndum hjá þeim. Eitt verður fyrir þeim í dag, annað á morgun. Ein sér geta þau ekki leyst þann vanda, er af þessu leiðir, en sameiginlega ætti þeim að vera það kleift. Ríkisvaldinu ber og að sjálfsögðu að stuðla að því að þessi vandkvæði verði leyst á sem hagkvæmastan hátt fyrir alla aðila.

Í sambandi við væntanlegt öryrkjahæli er svo til ætlað, að þar verði unnt að koma til dvalar í sérstökum öryggisklefum hættulegum sjúklingum, sem bíða vistar að Kleppi, og að hælínu sé beinlínis skylt að taka við þeim þegar í stað og gæta þeirra, unz geðveikrahælið tekur við þeim.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, þarfnast ekki sérstakra skýringa. Í því felst, að ákveðin verði með lögum heimild til sveitarfélaganna til að byggja og reka öryrkjahæli, og þau jafnframt skylduð til að leggja fram fé til framkvæmda eftir þeim reglum, sem 3. gr. segir fyrir um. Ætlað er til, að öll sveitarfélög landsins séu aðilar að hæli þessu, en Reykjavík þó undanskilin meðan hún sjálf rekur slíkt hæli. Frumvarpið gerir þó ráð fyrir því, að svo kunnir að fara, að Reykjavík verði einnig aðili að sameiginlegu hæli.

Samkvæmt 3. gr. skal stofnkostnaður greiddast með þeim hætti, að sveitarfélögin inni af höndum stofngjald til hælísins miðað við tiltekna upphæð af hverjum íbúa, þó þannig, að fjölmennari sveitarfélög greiði nokkru herra vegna einstak-

lings en þau fámennari, og er það talið réttmætt vegna meiri gjaldgetu hinna mannfleiri sveitarfélaga.

Fé það, sem koma mundi inn samkvæmt ákvæðum 3. gr., mundi verða sem hér segir, miðað við mannfjölda og skiptingu hans í sveitarfélög í árslok 1948 (Reykjavík ekki meðtalin):

67 hreppar með allt að 150 íbúa = 6728 íbúa á 35 kr.	kr.	235 480.00
148 hreppar með 150—1500 íbúa = 47 582 íbúa á 40 kr.	—	1 903 280.00
5 kaupstaðir með 150—1500 íbúa = 5196 íbúa á 40 kr.	—	206 760.00
7 kaupstaðir með 1500—10 000 íbúa = 25 461 íbúa á 45 kr.	—	1 145 745.00

227 sveitarfélög með alls 84 940 íbúa greiða kr. 3 491 265.00

Framlag Reykjavíkur, ef hún yrði þátttakandi að hælínu, mundi, miðað við mannfjölda á sama tíma, verða samtals kr. 2 669 200.00.

Þá er og ráðgert, að ríkissjóður leggi fram í eitt skipti fyrir öll hálfra aðra milljón króna. Framlög samkvæmt 3. gr. nema því samtals um 5 millj. kr., en hátt á 8. millj., ef Reykjavíkurbær yrði aðili að hælínu.

Á þessu stigi liggja engar áætlanir fyrir um stofnkostnað sérstaks hælís, enda er slíkt háð ýmsum atvikum, t. d. því, hvar hælínu yrði valinn staður, hvort unnt sé að festa kaup á byggingum á hentugum stað, er nota mætti í þessu skyni, og sitt hvað fleira. Það er og annmörkum háð að vinna að slíkum áætlunum eða undirbúningi fyrir en lög hafa verið sett, sem skuldbinda sveitarfélögin til þátttöku.

Sú er von stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, að Alþingi fallist á þá lausn málsins, sem hér er borin fram. Að sjálfsögðu verður ekki í framkvæmdir lagt fyrir en málið hefur verið athugað miklu nánar og leitað álits sveitarstjórna og þeirra, sem sérþekkingu teljast hafa um rekstur slíkra stofnana.

Allur dráttur á afgreiðslu málsins veldur auknum erfiðleikum, og væri því æskilegt, að Alþingi sæi sér fært að afgreiða málið nú á þessu þingi, svo að hægt yrði að nota sumarið til frekari undirbúnings.

Á síðustu mánuðum hefur nokkuð verið rætt um stofnun nýs vinnuhælís fyrir þá menn, sem sveitarfélögin eiga í útistöðum við vegna þess, að þeir vanrækja að greiða meðlög með börnum sínum, og skapar þetta sveitarfélögum landsins stórfelld útgjöld. Ekki liggur sú hugsun fjarri, að sameina mætti slíkt vinnuhæli stofnun sem þeirri, er hér er ráðgert að koma á fót, og liggja til þess mörg rök, sem hér skulu ekki rakin að sinni, heldur aðeins á þetta bent til athugunar.“

Að lokum þykir rétt að taka það fram, að hentast þótti að athuguðu máli að binda heimild þá, sem í lögum þessum felst til að reisa og reka öryrkjahæli, við Samband ísl. sveitarfélaga, þar sem það er sá aðili, sem sveitarfélögin beita fyrir sig í þessu máli, enda tæpast öðrum til að dreifa. Í Sambandi ísl. sveitarfélaga eru nú 130 sveitarfélög með um 110 þús. íbúum; þar á meðal eru allir kaupstaðir landsins og öll stærstu kaupsýnin. Að vísu eru enn um 100 sveitarfélög utan samtakanna, en íbúafjöldi þeirra allra er ekki nema um 30 þús. manns. Þannig mundu þau 129 sveitarfélög, sem í Sambandinu eru, þegar Reykjavík er frá talin, ef hún yrði ekki með, hafa innan sinna vébanda um 60 þús. íbúa, eða um $\frac{2}{3}$ allra íbúa landsins utan Reykjavíkur.“